

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 31 ? 17.02. 2004

Þriðjudaginn 17 febrúar, árið 2004, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Hitaveitumál í Akrahreppi
2. Staða kaldavatnsmála
3. Umsögn um verndun á Austur-Eylandinu
4. Aðalfundur Samorku
5. Hitaveitumál í Fljótum við Sólgarðaskóla
6. Önnur mál.
 1. Frumvarp til vatnsveitnalaga.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Farið yfir útreikninga vegna lagningar hitaveitu í Akrahreppi á milli Flugumýrar og Uppsala. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að óska eftir samningafundi við sveitarstjórn Akrahrepps.
2. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu á öflun á köldu vatni og getu vatnsveitunnar á afhendingu á vatni til Rækjuvinnslunnar Dögunar eftir stækkun hennar. Í dag notar Dögun 18 s/l og reiknað er með að aukningin verði allt að 14 s/l. og það geti reynst erfitt fyrir Vatnsveituna að afhenda það magn nú á vormánuðum. Í dag gefa Veðramótsveita og Molduxaveita samtals 40 s/l. af vatni. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að fara í vatnsöflun til að mæta þessari aukningu.
3. Stjórn Skagafjarðarveitna telur sig ekki að hafa aðkomu að málinu, en telur að ákvörðun um friðland á Austur-Eylandinu í Skagafirði verði gerð í fullu samráði við viðkomandi jarðeigendur.
4. Samþykkt að Páll Pálsson veitustjóri fari með atkvæðisrétt Skagafjarðarveitna á fundinum.
5. Páll Pálsson veitustjóri lagði fram tölvupóst dags. 2. desember 2003 frá Ársæli Guðmundssyni sveitarstjóra þar sem rætt er um eignarhald á borholu og því heitu vatni sem upp úr henni kemur og ósk um meiri nýtingu á heitu vatni úr þessari holu. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að Páll Pálsson veitustjóri gangi formlega frá eignarhaldi og nýtingu á holunni við Sólgarða í Fljótum við Sveitarfélagið Skagafjörð.
6. Önnur mál.
 1. Páll Pálsson veitustjóri gerði grein fyrir nýju frumvarpi til vatnsveitulaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50.

